

### III. Niðurlags- og bráðabirgðaákvæði.

#### 6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. og 5. gr. læknalaga, nr. 80 23. júní 1969, öðlast gildi 1. maí 1970, og er jafnframt felld úr gildi reglugerð nr. 136 3. október 1961, um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa.

Kandidötum, sem lokið hafa læknaprófi við gildistöku þessarar reglugerðar, skal þó heimilt að haga almennu framhaldsnámi skv. I. kafla hinnar fyrri reglugerðar, ef námið er hafið innan 3ja ára, frá því að þessi reglugerð tekur gildi. Einnig skal læknum, sem hafa hafið sérfræðinám við gildistöku, heimilt að haga sérnáminu og hljóta sérfræðiviðurkenningu skv. II. kafla eldri reglugerðarinnar til 1. maí 1974. Skal tekið fram í umsókn, ef slíkrar heimildar er óskað.

*Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið, 19. marz 1970.*

**Eggert G. Þorsteinsson.**

*Jón Thors.*

5. marz 1970.

Nr. 40.

## S A M Þ Y K K T

**um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 44 28. apríl 1954.**

#### 1. gr.

2. mgr. 20. gr. orðist svo:

Unglingum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20.00, öðrum en sérstökum unglingskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin, að viðlögðum sektum og eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemgri tíma. Hvers konar þjónusta við börn og unglinga eftir löglegan útivistartíma, önnur en heimflutningur, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess, er þjónustu veitir. Handhöfum þjónustuleyfa er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin.

#### 2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. marz 1970.*

**Jóhann Hafstein.**

*Ólafur W. Stefánsson.*